

Lágmarksstofngjald fyrir íbúð í sambýlishúsi skal vera kr. 54.659. Sama gildir um annað húsnæði í slíkum byggingum.

Fyrir fleiri mælagrindur en eina skal greiða sérstakt mælagrindargjald. Mælagrindargjald er 16.533 kr/grind.

Gjald fyrir heimæðar á skipulögðum þéttbýlissvæðum, sem eru lengri en 25 m innan lóðarmarka er 3.311 kr/m umfram 25 m. Utan þéttbýlis kostar hitaveitan heimæð allt að 50 m frá stofnlögn, en húseigandi greiðir það sem umfram er samkvæmt kostnaðarreikningi.

7. gr.

Hitaveitugjöld vegna heitavatns samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 225,8 stig og vísitala neysluserðs til verðtryggingar 181,7 stig.

Ýmis ákvæði.

Á mæla skal að jafnaði lesa einu sinni eða tvisvar á ári. Veitunni er heimilt að áætla notkun og gefa út reikninga mánaðarlega þess á milli.

Hækki innkaupsverð á raforku er veitustjórn heimilt að hækka gjaldskrá þessa varðandi raforku um allt að 60% af þeirri hækkun. Hækki tilkostnaður veitunnar vegna almennra verðhækkana, er veitustjórn heimilt að hækka gjaldskrá þessa um allt að 40% af þeirri hækkun og skal viðmiðun vera vísitala byggingarkostnaðar. Fyrirnefnd viðmiðun miðast við verðlag 1. janúar 1993. Breyting og hækkun gjaldskrár samkvæmt ofanrituðu, er því aðeins gild að komi til samþykki iðnaðarráðuneytisins. Á gjöld þessi leggst virðisaukaskattur eins og hann er samkvæmt lögum á hverjum tíma.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar 1998 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá Akranesveitu nr. 162 3. mars 1997, með áorðnum breytingum.

Iðnaðarráðuneytinu, 12. janúar 1998.

F. h. r.

Kristmundur Halldórsson.

Steinunn Bjarmann.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Menningarsjóð Sjóvá-Almennra trygginga hf.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Menningarsjóður Sjóvá-Almennra trygginga hf.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita styrki til eflingar menningar og málefna sem horfa til heilla í íslensku samfélagi.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er 500.000 kr. Tekjur sjóðsins eru árlegt framlag Sjóvá-Almennra trygginga hf. samkvæmt ákvörðun stjórnar félagsins hverju sinni og fjármunatekjur af stofnfé.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum og skulu þeir tilnefndir af stjórn Sjóvá-
Almennra trygginga hf., til 3ja ára í senn. Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á varðveislu hans.
Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skulu reikningar sjóðsins endurskoðaðir af lög-
giltum endurskoðanda félagsins.

5. gr.

Úr sjóðnum skal veita styrki með eftirfarandi hætti:

- Í A flokki eru veittar allt að kr. 2 millj. til málefna á sviði menningar og lista, íþrótt- og forvarnarmála.
- Í B flokki eru veittar allt að kr. 3 millj. til málefna sem horfa til heilla í samfélaginu og til eflingar heilbrigðs lífens.

6. gr.

Stjórn sjóðsins ráðstafar fé sjóðsins samkvæmt umsóknum um styrki úr sjóðnum. Jafn-
framt er henni heimilt að veita styrki úr sjóðnum að eigin frumkvæði.

7. gr.

Veita skal styrki úr sjóðnum árlega og skal auglýsa eftir umsóknum um styrki úr A –
hluta sjóðsins.

8. gr.

Skipulagsskrá þessari má breyta ef stjórn sjóðsins óskar þess. Verði sjóðurinn lagður
niður skulu eignir hans renna til þeirra málefna er fram koma í 5. gr.

Reykjavík, 1. nóvember 1997.

Í stjórn Menningarsjóðs Sjóvá-Almennra trygginga hf.

Ólafur B. Thors.

Jóhann Björnsson.

Hjalti Geir Kristjánsson.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem
starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 12. janúar 1998.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Fanneý Óskarsdóttir.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.

1. gr.

Hitaveitan selur heitt vatn úr veitukerfi sínu í heildsölu og smásölu samkvæmt gjaldskrá
þessari og reglugerð hitaveitunnar.